



371. fundur Þingvallanefndar

Fundur Þingvallanefndar var haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. september 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsstaða, starfsemi og framkvæmdir sumarsins.

Rekstur þjóðgarðsins gengur vel. Í byrjun sumars drógust tekjur saman vegna eldgossins í Eyjafjallajökli en opnun lítillar verslunar í Fræðslumiðstöðinni á Hakinu snéri stöðunni við. Einnig voru gisti- og veiðileyfagjöld hækkuð til samræmis við sambærileg gjöld í nágrenni þjóðgarðsins. Með þessum aðgerðum jukust sértekjur umfram rekstraráætlun.

Í kjölfar eldgossins var gripið til þess ráðs að draga úr eða fresta fyrirhuguðum framkvæmdum. Lokið var við að flytja snyrtihúsin á Hakið og var annað þeirra standsett. Eftir er að kaupa postulín í annað húsið, en á bæði snyrtihúsin vantar gólfdukk og er tengibygging milli húsanna einnig ókláruð. Til stendur að ljúka þessum framkvæmdum í október.

Lokið var við endurgerð kirkjustéttarinnar og útbúinn rampur fyrir fatlaða við tröppur kirkjunnar. Nú standa yfir lagfæringar við heimtröðina að Þingvallabænum og kostar Vegagerðin þá framkvæmd.

Í sumar fékk þjóðgarðurinn tvo vinnuflokka, annan frá Umhverfisstofnun og hinn frá VMST. Frá Umhverfisstofnun fékk þjóðgarðurinn fimm manns í vinnu í nokkrar vikur og með þeirra hjálp tókst að ljúka mörgum verkum með litlum tilkostnaði. Meðal annars var lagður stígur að Silfru og unnið við girðingar við Skógarhóla og Bolabás. Starfsfólk VMST gekk í störf landvarða. Með þeim tókst að auka og bæta þjónustu við ferðamenn.

2. Banaslys í Silfru.

Tveir starfsmenn þjóðgarðsins komu að slysinu sem varð 19. júní s.l. og er annar þeirra reyndur björgunarsveitarmaður. Viðbrögð starfsmanna voru að mati nefndarinnar til fyrirmyndar og engar athugasemdir hafa verið gerðar við viðbúnað í þjóðgarðinum vegna þessa hörmulega slyss. Brýnt er þó að mati nefndarinnar að setja upp neyðarbjöllu eða beint símatengi í Neyðarlínuna við Silfru. Í kjölfar slyssins hefur verið ákveðið að gera úttekt á öryggismálum í þjóðgarðinum í samvinnu við sveitarfélagið og Vinnueftirlitið.

3. Fjárlagatillögur fyrir 2011.

Forsætisráðuneytið leggur til að fjárframlög til þjóðgarðsins á Þingvöllum verði óbreytt á árinu 2011, þ.e. 50 m.kr. í rekstur, 2 m.kr. í viðhald og 31 m.kr. til framkvæmda, samtals 83 m.kr. auk sértekna.

4. Seyrulosun í landi þjóðgarðsins.

Þann 13. ágúst sl. losaði Holræsa- og stíflupjónustu Suðurlands seyruvökva í landi þjóðgarðsins. Fyrirtækið var við vinnu á vegum Bláskógabyggðar sem lætur tæma allar rotþrær á þriggja ára fresti. Yfirlandvörður og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands komu strax á staðinn og var fyrirtækinu gert að hreinsa upp það sem ekki hafði sigið ofan í jörðina og tæma tjarnir í kringum losunarstaðinn. Sýni voru tekin af neysluvatni sumarbústaðaeigenda á svæðinu og verður haldið áfram næstu vikurnar en sýni sem búið er að greina reyndust menguð. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áminnti Holræsa- og stíflupjónustu Suðurlands fyrir þessi vinnubrögð, sbr. eftirfarandi bókun frá 19. ágúst s.l.: „Heilbrigðisnefnd Suðurlands fordæmir vinnubrögð Holræsa- og stíflupjónustu Suðurlands vegna losunar seyruvökva á verndarsvæði Þingvalla. Fer Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fram á að fyrirtækið skili mánaðarlega inn upplýsingum sem getið er um í grein 4.1 í starfsleyfinu. Enn fremur er fyrirtækinu gert skylt að tilkynna fyrirfram til þjóðgarðsvarðar þegar verk er unnið innan verndarsvæðisins.“

Þingvallanefnd samþykkir af þessu tilefni að fela þjóðgarðsverði að hefja forkönnun á staðsetningu rotþróa og vatnsöflun og -losun á sumarbústaðasvæðum í þjóðgarðinum. Markmið könnunarinnar er að undirbúa úttekt á stöðu þessara mála í landi þjóðgarðsins, m.a. hvernig best er að haga slíku verki og hvað það muni kosta. Brýnt er að hefja forkönnunina strax til að unnt sé að hefja eiginlega úttekt í byrjun næsta sumars. Verkið verður útfært með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Bláskógabyggð og mun heilbrigðiseftirlitið hafa yfirumsjón með því.

5. Kárastaðir og boð fjölskyldunnar um gamla bæinn

Vísað er til fundagerða nr. 352, 353, 355 og 356 vegna boðs afkomanda fyrrum ábúenda á Kárastöðum um að afhenda ríkinu til eignar og viðeigandi notkunar, gamla íbúðarhúsið að Kárastöðum sem reist var 1925. Þingvallanefnd tók jákvætt í að stuðla að endurbyggingu hússins og var ákveðið að láta gera úttekt og áætlun um kostnað við að koma húsinu í nothæft ástand. Sú athugun frá mars 2008, leiddi í ljós að kostnaður við að gera húsið tilbúið undir tréverk var áætlaður 30,5 mkr. Var í kjölfarið lokið við að mæla og hnitsetja svæði sem tilgreina mætti í afsali til ríkisins og leita eftir hugmyndum um fjármögnun á verkinu. Vegna bankahrunsins gekk málið ekki lengra.

Þingvallanefnd hefur nú endurmetið stöðuna og telur sýnt að fjárveitingar nefndarinnar á næstu árum duga vart til annars en að sinna brýnustu verkefnum innan þjóðgarðsins.

Þingvallanefnd þakkar afkomendum fyrrum ábúenda á Kárastöðum þann góða hug sem að baki hugmyndinni býr, en telur sér ekki fært að þiggja hana og endurreisa bæinn eins og vert er.

Samþykkt.

6. Lyngdalsheiðarvegur - mótvægisáðgerðir.

Hinn 7. júlí 2010 samþykktu nefndarmenn í tölvupósti eftirfarandi umboð til formanns vegna framkvæmda til mótvægis við aukna umferð sem vænta má um þjóðgarðinn við tengingu nýs Lyngdalsheiðarvegar frá Laugarvatni að Miðfelli við Þingvallavatn: „Þingvallanefnd framselur til formanns nefndarinnar vald til að veita skriflegt samþykki skv. 5.gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, fyrir hönd nefndarinnar, þegar svo stendur á að afgreiðsla máls þolir enga eða afar takmarkaða bið. Ef til þessa kæmi myndu nefndarmenn verða látnir vita. Framsal þetta gildir frá 7. júlí til 2. september 2010.“

Í kjölfarið var Vegagerðinni heimilað að hefja eftirfarandi framkvæmdir: 1. Umferðar-eyju/vegþrengingu við þjónustumiðstöð vegna gönguleiðar milli tjaldsvæðis og þjónustu-

miðstöðvar. 2. Breytingu á gatnamótum syðst í Þjóðgarðinum, á móts við norðanvert Arnarfell þar sem vegurinn frá Gjábakka (nr. 36) kemur vestur á veginn (nr. 361) neðan úr Grímsnesi upp með Þingvallavatni að austan.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að leggja fram tillögur um frekari mótvægisáðgerðir sem miði að því að:

- umferðarhraði verði löglegur, þ.e. undir 50 km á klst
- þungaflutningum og flutningum á hættulegum eignum verði bægt frá
- draga úr umferð og mengun af hennar völdum við Vellankötlum og Vatnsvík.

7. Opnunartími á Hakinu í vetur.

Samþykkt með fyrirvara um fjárhagsstöðuna að opnunartími á Hakinu verði í október frá kl. 9-16.

8. Ferðapjónusta á Þingvöllum.

Fjöldi ferðamanna um Almannagjá á þriggja vikna tímabili frá 19. júlí til 6. ágúst var 47.382. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið síðustu ár í ferðamannastraumi til Þingvalla og þar af leiðandi aukinn kostnaður við starfsmannahald og rekstur.

Þjóðgarðsvörður leggur til að lagt verði á gjald á ferðamenn til að koma til móts við aukna áherslu á þjónustu innan þjóðgarðsins. Tillagan hljóðar upp á 2-300 kr. gjald á hvern ferðamann. Ef af gjalddöku verður yrði gerður samningur milli þjóðgarðsins og ferðapjónustuaðila.

Ragnheiður Elín óskaði eftir útlistun á lagaheimildum fyrir gjalddöku og einnig upplýsingum um hvað fyrirtækin fyrir fyrirhugað gjald. Í reglugerð 848/2005, 6. gr. kemur fram hvernig tekjum Þingvallanefndar er háttáð, sbr. lið e) um gjalddökuheimild fyrir gesta- og þjónustugjöld og er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið staðfesti reglugerð þar um skv. tillögu Þingvallanefndar.

Lilja Jónasdóttir lögfræðingur mun fara yfir lagalega hlið á fyrirhugaðri gjalddöku. Þjónusta sem kemur til móts við fyrirhugað gjald er m.a. salernisaðstaða og leiðsögn.

Þingvallanefnd samþykkir að nýta þær heimildir sem eru í lögum og reglugerð og taka viðeigandi gjald fyrir veitta þjónustu í þeim tilgangi að koma til móts við óskir ferðapjónustuaðila um bættu þjónustu einkum á Hakinu. Þjóðgarðsverði falið að vinna málið áfram.

Samþykkt.

9. Önnur mál.

- Ákveðið var að halda fund við fyrsta tækifæri til að fara yfir stöðu á nýjum byggingarskilmálum og lóðarleigusamningum.
- Þorgerður Katrín hvatti til þess að Þingvallanefnd svari aðsendum erindum eins fljótt og auðið er eða í þeim anda sem stjórnsýslulögin kveða á um.
- Lagt fram bréf frá Margræti Sveinbjörnsdóttir, dags. 9.9.2010. Í bréfinu óskar Margræt eftir samstarfi um uppsetningu á sýningum tengdum sögu Þingvallasveitar og Þingvallavatns og óskar eftir fundi með nefndinni til að kynna hugmyndir sínar.
- Skrifslæti á Þingvöllum. Þingvallanefnd hefur borist afsökunarbeiðni frá formanni og varaformanni Orators, félag laganema við Háskóla Íslands. Ferð á þeirra vegum sem farin var til Þingvalla s.l. föstudag fór úr böndum vegna ölvunarláta og hefur stjórn Orators ákveðið setja skriflegar reglur um skipulagðar ferðir laganema til Þingvalla.
- Sigurður Ingi óskar eftir að settar verði reglur um flug yfir þjóðgarðinum.
- Þorgerður Katrín óskar eftir að kröfur UNESCO verði kortlagðar, hvaða atriði þjóðgarðurinn uppfylli og hvaða atriði hann uppfylli ekki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.05.